



Notkunarleiðbeiningar fyrir vinnustóla (Gasso- og Electro-)

Stillingar á Standard -, Coxit – og Lav – módelum




- ♦ **Hæð baks** – Læsihnappnum (1) er þrýst inn, og bak stillt í þá hæð sem óskað er; læsihnapp sleppt og bak látið skorðast af í næstu stillirauf. Hak á enda bakstangar kemur í veg fyrir að bakið losni óviljandi af stólnum.
- ♦ **Halli baks** – Stillistöng (2) er lyft, til að stilla bakhalla, og síðan sleppt, til að læsa stillingu.
- ♦ **Velta setu** – Stillistöng (3) er lyft og hægt er að halla (velta) sæti frammávið. Stilling læsist þegar stillistöng er sleppt.
- ♦ **Sethæð – Gasso** – Stillistöng (4) stjórnar gaspumpu sem ákvarðar sætishæð á Gasso vinnustólum. Hæðarstilling læsist þegar stillistönginni er sleppt. (Gasso mótelin hafa ekki rafmagnsrofa (5)).
- ♦ **Sethæð – Elektro** – Elektro stólar eru án stillistangar (4) fyrir sethæð, en þess í stað er sethæð stillt með rafmagnsrofa (5).
 - ♦ Sætishæð eykst þegar rofa er ýtt fram.
 - ♦ Sætishæð minnkar þegar rofa er ýtt aftur.
- ♦ **Snúningur sætis** – Á stólum með sætissnúning er stillistöng (6) notuð, þegar snúa á sæti með tilliti til hjólastells. Þegar stillistöng (6) er lyft, er hægt að snúa seteiningu eftirfarandi:
 - ♦ Gasso-stólum er hægt að snúa 360° og læsa með 90° millibili.



- ◆ Elektró-stólum er hægt að snúa 90° til hvorrar hliðar og læsa.
- ◆ **Læsibúnaður** – Hemilstönginni (15) er ýtt fram, til að læsa snúningi afturhjóllanna. Hemillinn er losaður með því að ýta hemilstönginni aftur.

Stillingar Coxit eiginleika

Coxit-stillingar eru viðbótar-eiginleikar fáanlegar á *Standard* módelum og eru eins á Gasso og Elektro. Setuhelmingar eru stilltir og læstir með skrúfum (21).



Stilling Tilto – modela



Stilling sætiseiningar fer fram á eftirfarandi hátt:

- ◆ **Bakhæð** – Læsistöng (7) er lyft og bakið stillt í þá hæð sem óskað er. Baki læst með því að ýta stöng (sveif) niður.
- ◆ **Bakhalli** – Stöng (8) er lyft til að stilla bakhalla, og sleppt til að læsa í þeirri stöðu sem óskað er.
- ◆ **Veltieiginleikar/Tilt** – Stöng (9) er lyft og velta(tilt) setu er möguleg. Veltistöðu er læst með því að ýta stönginni niður og fram (skrúfuð).
- ◆ **Fjaðrarspenna (þrýstingur) Veltieiginleika/Tilt** – Með því að skrúfa stillihnúðinn (10) réttisælis, er hægt að auka spennu fjaðrarinnar, sem stjórnar veltu, að óskum notanda.

- ◆ **Sethæð – Gasso** – Stöng (**11**) stjórnar gas-fjöðrun, sem ákvarðar sætishæð Gasso-modela. Hæð setu læsist þegar stillistönginni er sleppt. (Gasso-modelin eru ekki með rafmagns-rofa (**5**)).
- ◆ **Sethæð – Elektro** – Á Elektro-modelum er stillistöng (**11**) fjarlægð, en í stað hennar er sethæðin stillt með rofa (**5**) sem stjórnar sethæð með rafmagni.
 - ◆ Sætishæð eykst þegar rofa er ýtt fram.
 - ◆ Sætishæð minnkar þegar rofa er ýtt aftur.
- ◆ **Snúningur sætis** – Á stólum með sætissnúning er stillistöng (**13**) notuð, þegar snúa á sæti með tilliti til hjólastells. Þegar stillistöng (**13**) er lyft, er hægt að snúa seteiningu eftirfarandi:
 - ◆ Gasso-stólum er hægt að snúa 360° og læsa með 90° millibili.
 - ◆ Elektró-stólum er hægt að snúa 90° til hvorrar hliðar og læsa.
- ◆ **Setu rennt fram eða aftur** – Með því að ýta inn stöng (**14**) er hægt að renna setu fram eða aftur í þá stöðu sem óskað er. Setan læsist í næsta láshaki þegar stönginni er sleppt.
- ◆ Í **háum bökkum** er samhæft stuðningskerfi uppblásanlegs hryggpúða og pumpu.
- ◆ **Læsibúnaður** – Hemilstönginni (**15**) er ýtt fram, til að læsa snúningi afturhjóllanna. Hemillinn er losaður með því að ýta hemilstönginni aftur.

Grunnstilling sætissúlu

Hólkur, sem í er, eftir atvikum, gaspumpa eða rafmótor, og sætissúla gengur ofaní, má stilla miðað við hjólastell. Það er það gert á eftirfarandi hátt:

- ◆ Stóllinn er lagður á bakhliðina.
- ◆ Læststöng (**B**) er losuð – (rangsælis).
- ◆ Hólkur, sem sætissúla gengur ofaní, er nú laus og hægt að koma fyrir í þeirri stöðu sem óskað er.
- ◆ Gætið þess að setan sé í réttri stöðu með tilliti til hjólastells.
- ◆ Herðið læsistöng (**B**).

